

Ákvörðun nr. 17/2021
Þriðjudagurinn, 18. maí 2021

Stofnun Ósness ehf. og Genevad Holding AB á BEWI Iceland ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til stofnunar Ósness ehf. (hér eftir „Ósnes“) og Genevad Holding AB (hér eftir „Genevad Holding“) á BEWI Iceland ehf. (hér eftir „BEWI“). Þar að auki hefur verið samið um að Masoval Eiendom AS, stærsti hluthafi Ósness, setji upp félagið Mossa ehf., sem mun byggja og eiga þér fasteignir sem viðkoma rekstri BEWI. BEWI er sameiginlegt verkefni (e. *full-function-joint-venture*) eigenda þess og stofnað um framleiðslu og sölu á frauðplastumbúðum sem gerðar eru úr EPS frauðplasti (e. *expanded polystyrene*). Við samrunann eignast Ónes 51% hlutfjár og Genevad Holding 49% hlutfjár í BEWI.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 5. maí 2021. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar samrunans því að líða 6. maí 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði, auk þess sem eftirlitið aflaði upplýsinga með símtölum við keppinauta hins nýstofnaða fyrirtækis.
3. Starfsemi samrunaaðila, sem starfa að mestu leyti á ólíkum mörkuðum, er eftirfarandi:
 - a) Tilgangur Ósnes samkvæmt samþykktum þess er fiskeldi og vinnsla sjávarfangs, kaup og sala og eignarhald verðbréfa, kaup og útleiga tækja í matvælaíðnaði, sala á fiskiafurfum, rekstur fasteigna, inn- og útflutningar, lánstarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur. Ósnes er undir yfirráðum Masoval, sem fer jafnframt með yfirráð í Löxum fiskeldi ehf. Þá á Ósnes 50% eignarhlut í Þorskeldi ehf. og fer með yfirráð í því félagi til jafns við Loðnuvinnsluna hf. Þá eiga Laxar og Ósnes hvor um sig 33,3% eignarhlut í Búlandstindi ehf.
 - Hingað til hefur Búlandstindur keypt frauðplastkassa af dótturfélögum Genevad Holding og nýtt þá í eigin rekstri en engin endursala hefur átt sér stað.
 - Að mati samrunaaðila starfa Ósnes og tengd félög á mörkuðum tengdum fiskeldi.
 - b) Genevad Holding er dótturfélag BEWiSynbra Group AB sem skráð er í Svíþjóð. Tilgangur Genevad Holding er að halda utan um fjölda félaga, sem tilheyra BEWiSynbra samstæðunni. Meginstarfsemi BEWiSynbra Group er annars vegar framleiðsla á EPS frauðplasti og hins vegar framleiðsla frauðplastkassa og einangrunarefnis úr EPS. Félögin, sem Genevad Holding heldur utan um framleiða ýmis EPS hráefni eða fullunnar vörur úr EPS, s.s. umbúðir til að flytja ferskvöru, auk einangrunarefnis fyrir hús.
 - Að mati samrunaaðila starfar Genevad Holding og dótturfélög þess annars vegar á markaði fyrir framleiðslu og sölu EPS hráefnisins og hins vegar á markaði fyrir framleiðslu og sölu fullunninna vara úr EPS. Þeim síðarnefnda megi skipta í



framleiðslu- og sölumarkaði fyrir frauðplasteinangrun annars vegar og frauðplastkassa hins vegar.

c) Tilgangur BEWI samkvæmt stofnsamþykktum er framleiðsla og sala á umbúðum og skyldur rekstur. Fyrirhugað er að BEWI muni kaupa EPS frauðplasthráfni frá BEWiSynbra Raw Oy og áform standa til að félagið muni framleiða frauðplastumbúðir, sem seldar verða til dótturfélaga Masoval á Íslandi og annarra markaðsaðila sem hafa þörf fyrir slíkar umbúðir í sínum rekstri. Í samrunaskrá segir að hráefnissamningurinn verði á armslengdarkjörum, þ.e. að BEWI muni greiða markaðsverð fyrir hráefnið líkt og keppinautar þess Tempra og Borgarplast.

- Starfsemi BEWI mun að mati samrunaaðila fara fram á markaði fyrir framleiðslu og sölu á frauðplastkössum.

4. Með hliðsjón af framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að markaður málsins sé framleiðsla og sala á frauðplastkössum á Íslandi, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2017, *Samruni Tempru ehf. og Plastgerðar Suðurnesja*.
5. Að mati samrunaaðila mun stofnun BEWI ekki hafa mikil áhrif á markaði fyrir framleiðslu og sölu frauðplastkassa í fyrstu, enda muni salan líklega vera bundin við Búlandstind á meðan félagið komi rekstri sínum af stað. Þá segir að áform samrunaaðila standi til að BEWI muni sinna eftirspurn viðskiptavina á landinu öllu í náninni framtíð. Samrunaaðilar telji því að stofnun BEWI muni efla samkeppni á markaði fyrir framleiðslu og sölu frauðplastumbúða og gera það að verkum að vöruframboð og úrval aukist, neytendum til hagsbóta. Þá telji samrunaaðilar að aukin umsvif félagsins og samkeppnislegt aðhald muni hafa jákvæð áhrif á markaðinn í dag, sér í lagi vegna þess að það séu einungis tveir stórir aðilar starfandi á markaðnum í dag og sé aukin fjölbreytni því til hins góða.
6. Í samrunaskrá segir að markaðurinn hafi verið samþjappaður fákeppnismarkaður í áráraðir og því sé innkoma nýs aðila til þess fallin að auka nýtingu framleiðsluþátta, lækka verð og auka gæði. BEWiSynbra samstæðan framleiði ekki frauðplastkassa héraðs og hafi hingað til einungis selt slíka kassa til Búlandstinds. Þeim viðskiptum verði hætt ef af samstarfsverkefninu verði og því sé lárétt skörun í starfsemi samrunaaðila óveruleg, ef einhver.
7. Samkeppniseftirlitið fellst á það með samrunaaðilum að innkoma BEWI á markað fyrir framleiðslu og sölu á frauðplastkössum ætti að vera til þess fallin að veita aukið samkeppnislegt aðhald á markaði þar sem einungis tvö fyrirtæki eru starfandi fyrir, þ.e. Tempra og Borgarplast. Í fyrrgreindri ákvörðun nr. 23/2017, var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að það væru sterkar vísbendingar um að Tempra væri í markaðsráðandi stöðu með mikla yfirburði hvað varði hlutdeild og að þá fyrirhugaður samruni Tempru og Plastgerðar Suðurnesja yrði til þess fallinn að styrkja þá stöðu talsvert. Við mat á fyrirhuguðum samruna ber því að líta til þess að á markaðnum fyrir framleiðslu og sölu á frauðplastkössum eru einungis tvö fyrirtæki starfandi og er Tempra enn í sterkri stöðu. Keppinautar samrunaaðila, sem rætt var við undir rannsókn málsins, höfðu engar áhyggjur af innkomu BEWI á markaðinn og töldu innkomuna vera ávísun á aukna samkeppni. Með hliðsjón af framangreindu og gögnum málsins er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans.



I. Ákvörðunarorð

„Stofnun Ósness ehf. og Genevad Holdind AB á BEWI Iceland ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson